

## Starfsreglur foreldraráða leikskólanna

### Akrasels, Garðasels, Teigasels og Vallarsels á Akranesi.

1. Foreldraráð starfar eitt skólaár í senn þ.e. frá 1.september til og með 31. ágúst ár hvert og fundar eftir þörfum. Fulltrúar í ráðinu og starfsreglur þess skulu kynnt á heimasíðu leikskólans. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um hver þau mál sem snert geta starfsemi skólans. Ráðið skal halda fundargerðabók og sjá til þess að fundargerðir séu aðgengilegar á heimasíðu hvers leikskóla.
2. Leitast skal við að í ráðinu séu foreldrar barna á mismunandi aldurstigum, þannig að a.m.k. einn fulltrúi haldi áfram næsta ár á eftir til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.
3. Í upphafi hvers skólaárs óskar starfandi foreldraráð eftir nýjum framboðum . Skal það gert með tölvupóstsendingu til allra foreldra með leiðbeiningum um hvert skuli tilkynna framboð. Séu fleiri en þrír sem bjóða sig fram skal kosið um fulltrúa í ráðið.
4. Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra. Foreldraráð skal beita sér fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum í samskiptum við foreldra, leikskólastjóra og bæjaryfirvöld.
5. Helstu verkefni: Ráðið skal vera umsagnaraðili um skólanámskrá, skóladagatal og áætlun vetrarins með leikskólastjóra. Bera skal skóladagatal saman við skóladagatöl grunnskólanna m.t.t. skörunar við starfsdaga og aðra frídaga. Ráðið skal einnig fjalla um ábendingar frá foreldrum, sumarlokanir leikskólanna og aðrar stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á starf skólans.
6. Komi upp tilvik sem foreldraráð telur að þarfnist umræðu í öllum foreldrahópnum skal ráðið boða til fundar með foreldrum þar sem málin skulu rædd og lýðræðislegar ákvarðanir teknar. Foreldraráðin fylgja þeim ákvörðunum síðan eftir.
7. Foreldraráð leikskólanna á Akranesi skuldbinda sig til samstarfs og samvinnu sín á milli með hagsmuni leikskólabarna og foreldra þeirra að leiðarljósi, samanber eftirfarandi:
  - Að hausti skulu foreldraráð leikskólanna óska eftir fundi með sviðsstjóra fjölskyldustofu og leikskólastjórum til að ræða málefni leikskólanna fyrir komandi leikskólaár.
  - Foreldraráð leikskólanna skulu funda sameiginlega a.m.k. tvisvar sinnum á starfsári, í byrjun anna að hausti og vori. Tilgangur þess er að samræma starfið á milli leikskóla.
  - Foreldraráð leikskólanna tilnefna einn aðila úr sínum hópi til að vera áheyrnarfulltrúi á fundum Fjölskyldustofu. Áheyrnarfulltrúinn situr í tvö ár, það fyrra sem varafulltrúi og það seinna sem aðalfulltrúi. Leikskólar bæjarins skiptast á að eiga áheyrnarfulltrúa til að sitja fundi hjá Fjölskyldustofu. Áheyrnarfulltrúi hefur tillögurétt og málfrelsi en ekki atkvæðarétt á fundum.
8. Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar í lok hvers skólaárs. Til stuðnings sem og nánari útfærslu starfsreglna þessara er vísað í 11. grein laga um leikskóla:  
<http://www.nymenntastefna.is/leikskolar/Log/>

Samþykkt á Akranesi, 28. maí 2009,

fulltrúar í foreldraráðum leikskólanna á Akranesi skólaárið 2008-2009.